

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður svo hljóðandi:

3. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags, fyrir tiltekinn sjúkling, skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómi:

a. Meðfædd efnaskiptatrúflun (fibrosis cystica (mucoviscidosis)).

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamslag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhöggun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 400 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð. Sama gildir um óskráð sérlyf, sem flutt er inn samkvæmt undanþágu sbr. 3. málsg. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Ráðuneytið gefur út skrá yfir slík undanþágulyf.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast gildi 1. október 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. september 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

3. júní 1975.

Nr. 417.

AUGLÝSING

um sérlyf.

Eftirgreint sérlyf hefur verið tekið af sérlyfjaskrá:

Glyvenol hylki Ciba-Geigy nr. 919.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júní 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

B 109